

Leiðbeiningar vegna skila á gögnum vegna árlegs endurmats trygginga

Skil gagna vegna árlegs endurmats trygginga, iðgjalda og eftir atvikum stofngjalda fara fram í gegnum vefgátt á vef Ferðamálastofu, <https://vefgatt.ferdamalastofa.is>

Sá sem skilar gögnum þarf að skrá sig inn í vefgátt með rafrænum skilríkjum. Ef um er að ræða skil á gögnum fyrir félag skráir prókúruhafi sig inn á sínum persónulegu skilríkjum og velur félagið sem skila á fyrir. Ef innsendandi gagna er ekki með prókúru þarf aðili með prókúru að veita viðkomandi rafrænt umboð til skilanna. Umboðið er veitt á island.is, leiðbeiningar um [veitingu umboðs er að finna hér](#). Þegar umboð hefur verið veitt fer sá sem skilar inn gögnunum, hér eftir nefndur innsendandi, inn á sínum rafrænum skilríkjum til að skila gögnum og velur félagið sem skila á fyrir.

Vakin er athygli á að upplýsingar vistast sjálfkrafa í vefgátt. Hægt er að gera hlé á skráningu og fara inn aftur án þess að upplýsingar glatist.

Ef það þarf að lagfæra upplýsingar eða ef innsendandi gerir hlé á skráningunni þá koma upp þessar upplýsingar: „Með því að halda áfram er farið á upphafssíðu skráningarinnar. Innsendandi þarf þá að yfirfara allar upplýsingar.“

Athugið, allar myndir eru dæmi, ekki skal horfa til ártala í þeim. Rauntölur vísar til fyrra árs og áætlun til yfirstandandi árs.

Skref 1 - Skrá ný skil



Árleg skil vegna endurmats tryggingafjárhæðar

+ SKRÁ NÝ SKIL

Leyfishafi

Kennitala leyfishafa

Dagsetning síðustu breytingar

Staða umsóknar

Þegar innsendandi hefur skráð sig inn í vefgáttina er valið „skrá ný skil“.

Skref 2

Skrá ný skil

Til að skrá ný skil þarf viðkomandi að hafa leyfi og þarf kennitala leyfishafa / ferðaskrifstofu að vera á skrá hjá Ferðamálastofu.

Kennitala leyfishafa / ferðaskrifstofu

|

HÆTTA VIÐ

SKRÁ

Setja skal inn kennitölu leyfishafa og velja skrá. Ef kennitalan er ekki rétt skráð kemur upp villumelding.

Skref 3 Innsendandi

Almennar upplýsingar

✓ Innsendandi — ✓ Leyfishafi — ✓ Starfsemi — ✓ Fjárhæðir — ✓ Yfirlit

Innsendandi

Nafn og kennitala innsendanda er forskráð en hann þarf að skrá netfang, símanúmer og geta um stöðu sína innan fyrirtækisins.

Þegar upplýsingarnar hafa verið skráðar er farið í „halda áfram“.

Skref 4 Leyfishafi

Almennar upplýsingar

✓ Innsendandi — ✓ Leyfishafi — ✓ Starfsemi — ✓ Fjárhæðir — ✓ Yfirlit

Upplýsingar um leyfishafa

Veita þarf upplýsingar um leyfishafa.

Athugið að við skráningu vefsíðu þarf <http://> eða <https://> að vera fyrir framan vefsíðuheitið. Ef vefsíða er skráð www.....is er ekki hægt að halda áfram með skráninguna.

Forsvarismaður

Forsvarismaður

Ég er forsvarismaður

Með forsvarsmanni er átt við þann aðila sem að er skráður forsvarismaður leyfishafa hjá Ferðamálastofu. Ef annar aðili er skráður forsvarismaður skráir upplýsingar og skilar inn gögnum þarf viðkomandi að hafa umboð sem hægt er að veita í gegnum island.is

Ef innsendandi er forsvarismaður leyfishafa hakar hann hér við, annars skráir hann inn upplýsingar um forsvarsmann leyfishafa.

Tengiliður

Tengiliður vegna endurmats

Ég er tengiliður vegna endurmats

Ef innsendandi er tengiliður leyfishafa við Ferðamálastofu hakar hann hér við, annars skráir hann inn upplýsingar um hver er tengiliður leyfishafa vegna endurmats.

Skref 5 Hérna er komið að atriðum varðandi starfsemi ferðaskrifstofunnar

Starfsemi leyfishafa

Leyfishafi býður upp á ferðir innanlands:

Já Nei

Leyfishafi býður upp á ferðir erlendis:

Já Nei

Timabil

Starfsemi leyfishafa fer að mestu leyfi fram á hvaða tíma árs (vejið inni)

Fyrirkomulag sölu og tryggingarskyldu

Skipuleggjandi er tryggingarskyldur fyrir þeim ferðum hann selur saman og selur. Séu þær seldar af öðrum (smásala) ber skipuleggjandinn tryggingarskylduna nema hann hafi samið við smásalann um að bera tryggingarskylduna. Ferðamálastofa getur eftir atvikum kallað eftir afrit af slíkum samningi.

Ef ferðaskrifstofan sér um framkvæmd pakkatefna eða hluta pakkatefna sem seld er af annan ferðaskrifstofu er það ferðaskrifstofan sem á ferðina og býður hana til sölu sem ber tryggingarskylduna (business-and-business). Skrá skal síka veltu í undanþegna veltu undir Sala þjónustubáttis til annarra ferðaskrifstofa (B2b).

Leyfishafi ber tryggingarskyldu hvort sem hann selur eigin pakkatefni sjálfur beint til ferðamanna eða þær eru seldar af öðrum ferðaskrifstofum.

Já Nei

Leyfishafi selur pakkatefni annarra ferðaskrifstofa til ferðamanna í smásölu en ber ekki tryggingarskylduna

Já Nei

Með smásölu er átt við að annar aðili seldi pakkatefnið á hendur ferðaskrifstofunnar.

Eftir Fylja þarf til. Vikið yfir seljendur sem eru tryggingarskyldir vegna pakkatefna leyfishafa? Skrá skal síka veltu í undanþegna veltu undir pakkatefni sem tilheyrir tryggingarskyldu annara seljenda.

Pakkatefni leyfishafa eru seldar til ferðamanna fyrir hönd leyfishafa í smásölu af öðrum ferðaskrifstofum sem bera tryggingarskylduna.

Já Nei

Eftir Fylja þarf til. Vikið yfir seljendur sem eru tryggingarskyldir vegna pakkatefna leyfishafa? Skrá skal síka veltu í undanþegna veltu undir pakkatefni sem tilheyrir tryggingarskyldu annara seljenda.

Hér ber að merkja við hvort ferðaskrifstofan býður upp á ferðir erlendis, innanlands eða hvoru tveggja.

Ef starfsemi ferðaskrifstofunnar er allt árið skal velja „velja allt“.

Ef starfsemin er árstíðabundin skal velja viðeigandi mánuði.

Fyrirkomulag sölu og tryggingaskylda

Skipuleggjandi er tryggingaskyldur fyrir þeim ferðum hann setur saman og selur. Séu þær seldar af öðrum (smásala) ber skipuleggjandinn tryggingaskylduna nema hann hafi samið við smásalann um að bera tryggingarskylduna. Ferðamálastofa getur eftir atvikum kallað eftir afriti af slíkum samningi.

Ef ferðaskrifstofan (leyfishafi) sér um framkvæmd pakkaferðar eða hluta pakkaferðar sem seld er af annarri ferðaskrifstofu í nafni söluaðilans (nafn leyfishafa kemur ekki fram) er það ferðaskrifstofan sem býður ferðina til sölu sem á ferðina og ber tryggingaskylduna (business-and-business). Skrá skal slíka veltu í undanþegna veltu undir *Vörusala eða þjónusta (B2B)*.

- Ef leyfishafi ber tryggingaskyldu hvort sem hann selur eigin pakkaferðir sjálfur beint til ferðamanna eða þær eru seldar af öðrum ferðaskrifstofum þá merkir hann við já.
Leyfishafa ber að gefa upp sölu slíkra pakkaferða sem tryggingaskyldar tekjur, sjá skref 10
- Ef leyfishafi selur pakkaferðir annarra ferðaskrifstofa til ferðamanna í smásölu en ber ekki tryggingaskylduna þá merkir hann við já.
Ef já: Þarf að fylla þarf *Yfirlit yfir seljendur sem eru tryggingarskyldir vegna pakkaferða leyfishafa, sjá skref 15*. Skrá skal slíka veltu í undanþegna veltu undir pakkaferðir sem tilheyra tryggingaskyldu annarra seljenda.

Ef leyfishafi selur pakkaferðir annarra ferðaskrifstofa til ferðamanna í smásölu og ber tryggingaskylduna þá merkir hann við nei.

Leyfishafa ber að tilgreina tryggingaskyldar tekjur, sjá skref 10.

- Ef pakkaferðir leyfishafa eru seldar til ferðamanna fyrir hönd leyfishafa í smásölu af öðrum ferðaskrifstofum sem bera tryggingarskylduna þá er merkt við já.
Ef já: Þarf að fylla *Yfirlit yfir seljendur sem eru tryggingarskyldir vegna pakkaferða leyfishafa, sjá skref 10*. Skrá skal slíka veltu í undanþegna veltu undir pakkaferðir sem tilheyra tryggingaskyldu annarra seljenda.

Ef pakkaferðir leyfishafa eru seldar til ferðamanna fyrir hönd leyfishafa í smásölu af öðrum ferðaskrifstofum og leyfishafi ber engu að síður tryggingaskylduna þá er merkt við nei.

Leyfishafa ber að tilgreina tryggingaskyldar tekjur, sjá skref 10.

Skref 6 Fjárhagsupplýsingar samkvæmt ársreikningi síðasta árs

Uppgjörsmýnt

Gerir fyrirtækið upp í erlendri mynt ber að tilgreina það hér að neðan og gefa upp við hvaða gengi uppgjör miðast.

gerir upp í erlendri mynt

Fjárhæðir skv. ársreikningi: SK

Heildarvelta

Afkoma

Bókfært eigið fé

Heildarfjármagn

Skammtímaskuldir

Veltufjármunir

Skuld vegna opinberra gjalda

Greiðslustaða gagnvart lífeyrissjóðum

Kennitölur reikings

Eignifjármúlti: 0,00%

Veltufjármúlti: 0,00% (0,00)

Inneignir

Átt við inneignir sem ekki hafa verið nýttar og komu til vegna Covid-19.

Úpphæð

Ef leyfishafi hefur leyfi Seðlabankans til að gera upp í erlendri mynt skal haka í viðeigandi box.

*Gefa skal upp **heildarveltu**. Átt er við samtölu rekstrartekna (heildartekjur) leyfishafa skv. ársreikningi.

***Afkoma**: Átt er við hagnað eða (tap) ársins. Ef tap er á starfseminni skal setja mínus (-) fyrir framan fjárhæðina

***Bókfært eigið fé**: Samtala eigin fjár (heildar eignir að frádregnum heildarskuldum)

***Heildarfjármagn**: Samtals eigið fé og skuldir (bókfært virði eigin fjár og skulda í lok árs)

***Skammtímaskuldir**: Niðurstaða skammtímaskulda (skuldir til greiðslu innan árs)

***Veltufjármunir**: Niðurstaða veltufjármuna (Eignir sem gert er ráð fyrir að breytt verði í reiðufé innan næstu 12 mánaða)

Gefa þarf upp greiðslustaðu vegna opinberra gjalda. Skuldi leyfishafi ekki opinber gjöld er skráð 0.-. Sé skuld til staðar þarf að tilgreina fjárhæð hennar.

Gefa þarf upp greiðslustaðu gagnvart lífeyrissjóðum. Sé viðkomandi skuldlaus er sett 0.-. Sé skuld til staðar þarf að tilgreina hana.

Ath. leggja þarf fram vottorð vegna allra lífeyrissjóða sem greitt er í.

Ef ferðaskrifstofan er enn með inneignir vegna ferða sem rekja má til Covid-19 og var aflýst, frestað eða afpantaðar og koma ekki til framkvæmda á yfirstandandi ári (eru ekki hluti af uppgefni áætlun) þá þarf að tilgreina heildarfjárhæð inneignanna hér.

Þegar allir reitir hafa verið fylltir út er valið „halda áfram“.

Skref 7 Yfirlit upplýsinga

Staðfesting / Yfirlit

Þú ert að fara að skila Inn upplýsingum vegna endurmats fyrri [REDACTED] kt.

Ef vandræði kom upp í ferlinu munum við hafa samband við [REDACTED] í gegnum netfang: [REDACTED]@ferdamalastofa.is og/öða síma: [REDACTED].

Hér er yfirlit helstu þætti skilanna:

Almennt

- Inngjafir: 0 kr
- Skraðir smásalar sem bera tryggingaskyldu voru: 0 talsins.

Greining á veltu - Rauntölur

- Tryggingarskyld velta: 0 kr
- Heildarvelta: 0 kr

Greining á veltu - Áætlan

- Tryggingarskyld velta: 3.477.000 kr
- Heildarvelta: 22.916.775 kr

Fylgiskjöl

- Staðfesting vegna bókhalds - Staðfesting Endurskoðanda-7-2-23.pdf
- Ársreikningur - Tölvupóstur til ferðaskrifstofa vegna árlegs endurmats 2023.pdf
- Greiðslust gagnv lifeyrissjóðum - Staðfesting Endurskoðanda-27-1-23.pdf
- Greiðslust gagnv ríkissjóði - Tölvupóstur til ferðaskrifstofa vegna árlegs endurmats 2023.pdf

Greiðslugjald er ákvarðað út frá tryggingarskyldri veltu á eftirfarandi mæta:

- 35.000 kr. ef heildar tryggingarskyld velta síðasta árs er allt að 300 milljónum króna.
- 75.000 kr. ef heildar tryggingarskyld velta síðasta árs er yfir 300 milljónum króna.

TIL BAKA HALDA ÁFRAM

Innsendanda ber að fara vel yfir og skoða hvort allar upplýsingar eru réttar. Ef lagfæra þarf upplýsingar er hægt að fara til baka og lagfæra. Sé leiðrétting gerð þarf að gæta þess að velja „halda áfram“ á þeirri síðu sem leiðrétt er, að öðrum kosti vistast leiðrétting ekki.

Greining á veltu

Inngangur

Á næstu síðum er kallað eftir upplýsingum vegna árlegs endurmats tryggingafjárhæða. Athugið að hægt er að vista upplýsingar og því er ekki nauðsynlegt að ljúka skáningu í einni lotu. Áriðandi er að fylla út í alla reiti í samræmi við leiðbeiningar.

Mikilvægt er að skila öllum umbeðnum fylgiskjöllum

- Ársreikningur 202[REDACTED]
- Skuldleysisvottorð/yfirlit frá innheimtumanni ríkissjóðs
- Vottorð um greiðslustöðu gagnvart lifeyrissjóðum
- Staðfesting vegna bókhalds og greiningar veltu

Hægt er að hlaða skjalinu undir "Fylgigögn" þegar búið er að fylla út "Greining á veltu - Rauntölur"

- Önnur skjöl

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar má nálgast á vef Ferðamálastofu.

HALDA ÁFRAM

Skref 8 Greining á veltu rauntölur fyrra árs, innsláttur upplýsinga um tryggingaskylda veltu og undanþegna veltu

Greining á veltu - Rauntölur 202

Upplýsingar Gagn Samtölur

Skýringar
Sala pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar er tryggingaskyld.

Allar pakkaferðir sem að skipuleggjandi setur saman, býður fram og selur milliðalaust eru tryggingaskyldar. Sama á við um pakkaferðir skipuleggjanda, sem að seldar eru af smásala, nema skipuleggjandi sýni fram á að smásali uppfylli tryggingaskyldu vegna þeirra.

Allar greiðslur sem seljandi, sem hefur milligöngu um samtengda ferðatilhögun, móttækur frá ferðamanni teljast til tryggingaskyldrar veltu.

Ef tryggingaskyldir aðilar hafa með höndum fjölþætta starfsemi skal sala pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar vera aðgreinanleg frá öðrum rekstri í bókhaldi aðila.

Tekjur og gjöld vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar skal færa þegar til þeirra hefur verið unnið og þjónustan í meginatriðum verið innt af hendi, þ.e. í þeim mánuði sem að ferð er farin.

Gæta skal þess sérstaklega að bókfæra tekjur réttlæga á mánuði innan ársins.

Skiptingu tekna og gjalda á mánuði skal vera hægt að lesa úr bókhaldskerfinu á aðgreinanlegan hátt.

TIL BAKA HALDA ÁFRAM

Upplýsingasíða sem birtist áður en farið er inn í innslátt upplýsinga vegna greiningar á veltu

JAN FEB MAR APR MAÍ JÚN JÚL ÁGÚ SEP OKT NÓV DES

Tryggingaskyld velta

Lýsing ferðar	Heildarsóluverð ferðar	Tegund	Heildarjörnhæð staðfestingargreiðsina	Fjöldi ferða	Fjöldi ferðamanna	Lengd ferða í dögum	Fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar
		Pakkaferð					
Samtals:	0 kr		0 kr	0	0		

Hérna ber að skrá upplýsingar um alla tryggingaskylda raunveltu fyrir síðasta ár. Tryggingaskyld velta er sala pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar.

Velja þarf í flettiglugganum hvort um er að ræða pakkaferð eða samtengda ferðatilhögun.

Ferðaskrifstofunni ber að gefa upp allar ferðir sem hún er tryggingaskyld fyrir.

Greining á veltu skiptist í tryggingaskylda veltu og veltu sem undanþegin er tryggingaskyldu. Undanþegin velta er öll önnur velta en sala pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar.

Ef aðrir selja pakkaferðir fyrir ferðaskrifstofuna eða ferðaskrifstofan selur pakkaferðir fyrir aðra og ferðaskrifstofan ber ekki trygginguna fyrir slíkar ferðar þá ber ferðaskrifstofunni að tilgreina þær ferðir sem undanþegna veltu. Auk þess ber að fylla út upplýsingar um þær ferðaskrifstofur sem bera tryggingaskylduna í sérstakt form, sjá síðar.

Við innslátt má nota enter og tab til að færa bendil milli lína.

Athugið að til að skrá inn veltu per mánuð þarf að velja viðkomandi mánuð. Fylla þarf út alla mánuði sem bera veltu áður en haldið er áfram.

Ef engin velta er í mánuði þarf ekkert að skrá.

Til að tryggja að skráning vistist er áriðandi að velja „halda áfram“ í lok vinnslu á hverjum mánuði.

Nafn/lýsing ferðar: Heiti ferða verða að vera lýsandi og í samræmi við heiti sem finna má á vef ferðaskrifstofunnar og í öðru kynningarefni. Ef um sérsniðnar ferðir er að ræða þarf að taka það fram.

Ef ferðir eru samskonar/til sama staðar/jafn langar þarf ekki að skrá hverja og eina ferð, safna má samskonar ferðum í mánuðinum í eina línu.

Ef þær ferðir sem teknar eru saman í eina línu eru mislangar þarf að gæta að því að reikna út meðallengd (vegið meðaltal) ferða. Heimilt er að skrá hverja bókun fyrir sig eða skrá ferð óháð fjölda bókana t.d. ein ferð til Tenerife sem felur í sér 50 bókanir og 150 ferðamenn.

Heildarsöluverð: Ef valið er „*pakkaferð*“ úr flettilistanum er heildarsöluverð samantögd fjárhæð sem ferðaskrifstofa/seljandi fær greidda fyrir þær pakkaferðir sem skráðar eru í línuna. Ef hver bókun/pakkaferð er skráð fyrir sig er skráð skal ská heildarverð bókunarinnar/pakkaferðarinnar sem greitt er til seljanda.

Dæmi: Fjórar vikuferðir til Tenerife, verð á mann er kr. 200.000. Samtals eru farþegar 100 í öllum ferðunum. Í reitinn færast kr. 20.000.000.-.

Ef valið er „*samtengd ferðatilhögun*“ úr flettilistanum er heildarsöluverð samantögd fjárhæð sem ferðaskrifstofan/seljandi tekur við vegna samtengdrar ferðatilhögunarinnar (einungis greiðslur sem ferðaskrifstofan tekur við, ekki fjárhæðir sem greiddar eru til annarra ferðaþjónustuaðila).

Á vef Ferðamálastofu má finna flæðirit sem skýrir hvað samtengd ferðatilhögun er, sjá [hér](#).

Athuga ber að samtengd ferðatilhögun er ekki algeng. Hún verður aðeins til ef viðskiptavinur sem hefur gengið frá kaupum á einum þjónustubætti, t.d. flugi, fær í beinu framhaldi bókanlegt tilboð um að bæta við þjónustu vegna sömu ferðar og gengur að því innan 24 klst. frá því að fyrstu kaupum er lokið.

Heildarfjárhæð staðfestingargreiðslna: Samantögd upphæð allra staðfestingargreiðslna sem móttæknar eru vegna þeirra ferða sem skráðar eru í línuna.

Sé ferð greidd í einni greiðslu færast 0 kr. í þennan reit.

Dæmi: 100 farþegar í ferð, 50 farþegar greiða kr. 20.000 í staðfestingargreiðslu, 30 farþegar greiða kr. 30.000 í staðfestingargjald, 20 farþegar greiða ekki staðfestingargjald því þeir greiða ferðina að fullu við bókun. Talan sem færast í þennan reit er $50*20.000+30*30.000 = 1.900.000.-$.

ATH Staðfestingargreiðsla er innborgun sem að ferðamaður greiðir til að staðfesta þátttöku í ferð. Ef ferð er greidd í einni greiðslu er það ekki staðfestingargreiðsla. Staðfestingargreiðslur geta því aldrei orðið sama tala og heildarsöluverð pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar

Fjöldi ferða: Hérna skal skrá fjölda brottfara sem eiga við um þessa línu.

Ef um er að ræða fjórar vikuferðir til Tenerife er skráð 4.

Fjöldi ferðamanna: Samanlagður fjöldi ferðamanna sem fer í viðkomandi ferð/ferðir.

Lengd ferða í dögum: Hér skal skrá hversu langar ferðirnar eru. Sá lengd ferðar sú saman hjá öllum farþegum skal skrá lengd hennar.

Dæmi: Ef um er að ræða fjögurra daga borgarferð skal skrá 4 í þennan reit.

Ef lengd skráðra ferða er mismunandi þarf að skrá vegið meðaltal lengdar ferðanna.

Dæmi: Skráðar ferðir til Tenerife eru mislangar. 50 farþegar eru í 11 daga, 150 farþegar eru í 7 daga og 120 farþegar eru í 14 daga. Í reitinn er fært $(50*11+150*7+120*14)/320 = 10,25$. Meðallengd ferðanna er 10,25 dagar (reiknað er vegið meðaltal).

Fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar: Meðaltalsfjöldi daga frá því að farþegar greiða ferð að fullu þar til að ferðin er farin.

Dæmi: 100 farþegar eru í ferð. 30 farþegar greiða ferða að fullu 45 dögum fyrir brottför, 40 farþegar greiða að fullu 30 dögum fyrir brottför og 30 farþegar greiða ferða að fullu 15 dögum fyrir brottför. Í reitinn er fært $(30*45+40*30+30*15)/100 = 30$. Fjöldi daga sem á að skrá eru 30 dagar (reiknað er vegið meðaltal).

Ef ferð er borguð eftir að hún er farin er fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu 0.

Velta undanþegin tryggingaskyldu

Velta undanþegin tryggingarskyldu

Tekjuflokkur	Fjárhæð	
Húsaleiga	250.000 kr	
Leita að tekjuflokki		
Samtals	250.000 kr	
<input type="button" value="TIL BAKA"/>	<input type="button" value="CLEAN FLAG"/>	<input type="button" value="HALDA ÁFRAM"/>

Hérna ber að skrá alla undanþegna veltu, sama hvers eðlis hún er.

Gefa skal veltuna upp eftir tekjuflokkum.

Athugið að eigi atriðin í flettlugganum ekki við, þá er hægt að skrifa viðkomandi heiti í dálkinn.

Gæta þarf nákvæmni, ekki er nægilegt að skrifa t.d. „önnur sala“.

Í mörgum tilfellum selja ferðaskrifstofur (eru þá smásalar) pakkaferðir til ferðamanna fyrir aðrar ferðaskrifstofur. Liggja þarf ljóst fyrir hvor ber tryggingarskylduna, skipuleggjandi sem á ferðina eða smásalinn sem selur hana. Sjá einnig skref 12.

Skipuleggjanda er heimilt að undanskilja frá tryggingaskyldri veltu tekjur vegna pakkaferða sem seldar eru af smásala hafi smásalinn samþykkt að bera tryggingarskylduna. Að öðrum kosti ber skipuleggjandinn sem á ferðina trygginguna. Sjá einnig skref 12.

Þegar búið er að fylla út alla veltu fyrra árs, bæði tryggingaskylda veltu og undanþegna veltu, er valið „halda áfram“.

Athugið að veltutölurnar þurf að stemma við uppgefna heildarveltu skv. ársreikningi síðasta árs.

Ef mistök eru gerð og eyða þarf færslu er smellt á hengilásinn sem er hægra megin við dálkaheiti í hvorum tekjuflokki fyrir sig. Þá opnast ruslafata við endann á línunum, til að eyða línu þarf að smella á ruslafötuna.

Greining á veltu - Rauntölur 2021

Uppþvingar Gagn Stærðir

JAN FEB MAR APR MAI JUN JUL AGO SEP OKT NOV DES

Tryggingarskyld velta

Lýsing ferðar	Heildarskiðun ferðar	Tagund	Heildarskiðun með staðfestingargreiðslu	Fjöldi ferða	Fjöldi ferðamanna	Langt ferða í dögum	Fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar
Spænan samgöng	1.000.000 kr	Plakuból	50.000 kr	1	5	7	50
Öskun út	500.000 kr	Plakuból	0 kr	1	2	10	60
Öskun	1.000.000 kr	Pakkaför	50.000 kr	2	8		

Velta undanþegin tryggingarskyldu

Tekjuflokkur	Fjárhæð
Dagveður	500.000 kr
Leita að tekjuflokki	
Samtals	500.000 kr
<input type="button" value="TIL BAKA"/>	<input type="button" value="HALDA ÁFRAM"/>

Skref 9 samtölur heildartekna

Greining á veltu - Rauntölur 202

Upplýsingar Gagn Sambökur

Mánuður	Tryggingarskyld velta samtals	Velta undanþegin tryggingarskyldu	Velta samtals	Staðfestingargreiðslur
Jan	0 kr	28.388.336 kr	28.388.336 kr	0 kr
Feb	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Mar	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Apr	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Mai	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Jún	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Júl	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Ágú	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Sep	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Okt	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Nóv	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Des	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Samtals	0 kr	28.388.336 kr	28.388.336 kr	0 kr

TIL BAKA HALDA ÁFRAM

Hérna birtist samtala tekna sem slegnar hafa verið inn fyrir tryggingaskylda veltu og undanþegna veltu.

Ekki er hægt að halda áfram ef tekjur stemma ekki við uppgefna heildarveltu skv. ársreikningi fyrra árs.

Ef yfirlitið stemmir ekki litast tölur rauðar og upp kemur villumelding, ekki hægt að halda áfram fyrr en leiðrétting hefur verið gerð.

Ef ekki er velta í mánuði þá birtast þær upplýsingar sem 0 kr. og í brúnum lit.

Skref 10 Greining á áætlaðri veltu yfirstandandi árs, innsláttur upplýsinga um áætlaða tryggingaskylda veltu og undanþegna veltu

Greining á veltu - Áætlun 202

Upplýsingar Gagn Sambökur

Mikilvægt er að áætlun um veltu yfirstandandi árs sé sett fram samkvæmt bestu vitund. Tilgreina ber allar ferðir sem gert er ráð fyrir að verði seldar á árinu, hvort sem að bókanir hafa verið móttæknar eða ekki.

TIL BAKA HALDA ÁFRAM

Greining á veltu - Áætlun 202

Upplýsingar Gagn Sambökur

JAN FEB MAR APR MAI JÚN JÚL ÁGÚ SEP OKT NÓV DES

Tryggingarskyld velta

Lýsing ferðar	Heildarsöluverð ferðar	Tegund	Heildarjærhæð staðfestingargreiðslna	Fjöldi ferða	Fjöldi ferðamanna	Lengd ferða í dögum	Fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar
<input type="text"/>	<input type="text"/>	Pakkiferð	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Samtals	0 kr		0 kr	0	0	0	

Velta undanþegin tryggingarskyldu

Tekjuflokkur	Fjárhæð
kennsla	500.000 kr
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Samtals	800.000 kr

TIL BAKA HALDA ÁFRAM

Sjá skref 8.

Skref 11 samtölur heildartekna

Greining á veltu - Áætlun 202

Upplysingar Gögn Samtölur

Mánuður	Tryggingarskyld velta samtals	Velta undanþegin tryggingarskyldu	Velta samtals	Staðfestingargreislur
Jan	0 kr	500.000 kr	500.000 kr	0 kr
Feb	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Mar	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Apr	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Mai	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Jún	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Júl	3.477.600 kr	18.939.175 kr	22.416.775 kr	3.477.600 kr
Agú	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Sep	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
OKt	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Nóv	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Des	0 kr	0 kr	0 kr	0 kr
Samtals	3.477.600 kr	19.439.175 kr	22.916.775 kr	3.477.600 kr

TIL BAKA HALDA ÁFRAM

Sjá skref 11, ath. þó að ekki er gerð krafa um afstemmingu enda um áætlun að ræða.

Skref 12 Tryggingaskylda annarra seljenda

Seljendur sem eru tryggingarskyldir vegna pakkaferða leyfishafa

Skipuleggjendum er heimilt að undanskilja pakkaferðir sem seldar eru af smásala sé hann með pakkaferðatryggingu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ferðamálastofa hefur eftirlit með réttmæli framlagðra gagna og getur kallað eftir afriti af samningum og/eða öðrum gögnum til staðfestingar á að uppgæfna upplýsingar séu réttar.

Einungis er heimilt að undanskilja ferðir frá tryggingarskyldu leyfishafa beri annar seljandi tryggingarskyldu vegna þeirra og sé með pakkaferðatryggingu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ferðamálastofa hefur eftirlit með réttmæli framlagðra gagna og getur kallað eftir afriti af samningum og/eða öðrum gögnum til staðfestingar á að uppgæfna upplýsingar séu réttar.

Sé staðfestuand erlendis má sleppa kennitölu.

Nafn seljanda	Vefur seljanda	Staðfestuand	Kennitala	Heiti eða tegund ferðar	Mánuðir sem ferð er farin	Ár sem ferð er farin	Seljandi er með tryggingar hjá
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Ef pakkaferðir ferðaskrifstofunnar eru seldar af öðrum og þeir sem selja þær bera trygginguna ber ferðaskrifstofunni að tilgreina hverjir það eru sem selja pakkaferðirnar og eru tryggingaskyldir.

Ef ferðaskrifstofan selur pakkaferðir fyrir aðra og þeir sem ferðaskrifstofan selur fyrir bera trygginguna þá ber ferðaskrifstofunni að tilgreina hverjir það eru sem bera tryggingaskylduna.

Þegar ferðaskrifstofan hefur tilgreint alla tryggingaskylda aðila sem hvort sem ferðaskrifstofan selur fyrir aðra eða aðrir selja fyrir ferðaskrifstofuna er haldið áfram.

Athugið að skrá ber tryggingaskylda seljendur fyrir bæði árin, þ.e. síðasta ár og yfirstandandi ár.

Til að fá nýja línu þarf að ýta á „enter“ eða smella með músinni utan við reitina. Ekki ýta á „halda áfram“ fyrr en að búið er að skrá alla.

Skref 13 Fylgigögn

Fylgigögn

Hér ber að hlaða upp öllum fylgigögnum.

- Ársreikningur síðasta árs
 - Ársreikningur skal vera í samræmi við lög um ársreikninga, áritaður af endurskoðanda eða eftir því sem við á skoðunarmanni. Örfélögum er heimilt að skila rekstraryfirliti og efnahagsyfirliti byggðum á skattframtali félagsins.
- Skuldleysisvottorð vegna opinberra gjalda, sjá [hér](#).
- Vottorð um greiðslustöðu vegna lífeyrissjóða. Leggja þarf fram vottorð vegna allra lífeyrissjóða sem greitt er til, hafa þarf samband við viðkomandi lífeyrissjóði til að afla vottorða.
 - Ef skilað er inn vottorðum frá fleiri en einum lífeyrissjóði þarf að sameina vottorðin og hlaða þeim inn sem einu skjali. (Því miður er ekki hægt að hlaða inn hverju vottorði fyrir sig).
- Staðfesting endurskoðanda eða, eftir atvikum, framkvæmdastjóra ferðaskrifstofunnar um að greining á veltu síðasta rekstrarárs sé rétt og að bókhald ferðaskrifstofunnar sé fært samkvæmt reglugerð.
 - Athugið að skjalinu þarf að hlaða niður með takkanaum „**Hlaða niður staðfestingarskjali**“, prenta það út og undirrita, eða vista og undirrita rafrænt og hlaða aftur upp í viðeigandi box fyrir neðan takkann.
- Önnur skjöl, ef þörf er á.

Til að ljúka skrefinu þarf að ýta á „halda áfram“.

Skjölum hefur verið hlaðið upp þegar box verður grænt og staðfestingarkerki birtist.

Hafi röngu skjali verið hlaðið upp er nægilegt að hlaða réttu skjali upp en það yfirskrifar það sem fyrir er (ekki þarf að eyða fyrra skjali).

Skref 14 Staðfesting og skil

Fara yfir upplýsingarnar og halda áfram.

Staðfesta og skila

Yfirlit Skil og skilning

Staðfesting / Yfirlit

Hú er að fara að skila inn upplýsingum vegna endurnáms fyrir kr. kr.

Ef vandræði kom upp í ferlinum munum við hafa samband við í gegnum netfang /ferdamatstofa.is og/eða síma .

Hér er yfirlit helstu þessu skilans:

Almennt

- Inngjafir: 0 kr
- Skráðir séráskilar sem bera tryggingarskyldu voru: 0 tálsens.

Greining á veltu - Raunbátur 2022

- Tryggingarskyld velta: 0 kr
- Hæðarvelta: 0 kr

Greining á veltu - Ástættan 2022

- Tryggingarskyld velta: 3.477.000 kr
- Hæðarvelta: 22.916.775 kr

Fylgiskjal

- Staðfesting vegna bláaáhrifa - Staðfesting Endurskoðanda-7-2-23.pdf
- Áskráningur - Töluráðgjafi til ferðaskrifstofa vegna árlégs endurnáms 2023.pdf
- Greiðsluálagningu Heimildum - Staðfesting Endurskoðanda-27-1-23.pdf
- Greiðsluálagningu Heimildum - Töluráðgjafi til ferðaskrifstofa vegna árlégs endurnáms 2023.pdf

Greiðsluálagning er áætlað 0 kr á tryggingarskyldu veltu á eftirfarandi málum:

- 35.000 kr. ef heildar tryggingarskyld velta síðasta árs er allt að 300 milljónum króna.
- 75.000 kr. ef heildar tryggingarskyld velta síðasta árs er yfir 300 milljónum króna.

Skref 15

Greiðsla

Tilgjafi

Límskjulagjald 35.000 kr

Allt það að þú greiðsla hafi borist þá getur einngöngu forvarnarmáttur eða einstaklingur sem hefur umboð fyrirtækis í gegnum íslend.is skilað endurnámi.

Þegar ýtt hefur verið á halda áfram flyst notandi sjálfkrafa á greiðslusíðu Valitor. Þar þarf að skrá upplýsingar um leyfishafa:

Heimilisfang

Heimilisfang

Póstnúmer

Staður

Land

Kaupandi

Kennitala

Nafn


Sími

Netfang

Athugasemdir

Greiðsluupplýsingar

Kortnúmer *



Gildistími *

MM / ÁÁ

Öryggisnúmer *

Greiða

Hætta við



Greiðsla tókst.

.000 ISK

Kortaupplýsingar 555016*****6105
Dagsetning 10.03.2023 • 11:03

Samningsnúmer 358743
Færslunr. 306911785072
Heimild nr. 209305

Hvað næst?

[Halda áfram](#) • [Prenta út](#)

Þegar greitt hefur verið fyrir umsýslugjaldið er hér hægt að velja að prenta út kvittun fyrir bókhaldið og halda áfram. **Ef prenta á út kvittun þarf að prenta hana út á þessu stigi.** Til þess að klára umsóknina þarf að því búnu að velja „halda áfram“. Þá flyst innsendandi aftur í vefgátt:

Staðfesta og skila

✓ Yfirt

✓ Greiða

1 Skil og kvittun

Til þess að geta skilað þarf öllum skrefum að hafa verið lokið og greiðsla þarf að hafa borist.

TIL BAKA

Hér þarf að velja til baka.

Þá birtist staðfesting á að greiðsla umsýslugjalds hafi borist Ferðamálastofu, velja skal halda áfram:

Greiðsla hefur borist fyrir 35000kr. Þú getur haldið áfram í næsta skref.

TIL BAKA

HALDA ÁFRAM

Upp kemur staðfestingarsíða, velja þarf skila til að ljúka skilum:

Staðfesting / Yfirlit

Dú ert að fara að skila inn upplýsingum vegna endurnats fyrir [REDACTED] r. kt.

Ef vandræði kom upp í ferlinu munum við hafa samband við [REDACTED] í gegnum netfang: [REDACTED]@ferdamalastofa.is og/eda síma [REDACTED]

Hér er yfirlit helstu þætti skilanna:

Almennt

- Inneignir: 0 kr
- Skráðir emsalar sem bera tryggingaskyldu voru: 0 taláins.

Greining á veltu - Rauntölur 2023

- Tryggingaskyld velta: 6.284.781 kr
- Heildarvelta: 6.854.343 kr

Greining á veltu - Áætlun 2023

- Tryggingaskyld velta: 2.000.000 kr
- Heildarvelta: 0 kr

Fylgiskjöl

- Staðfesting vegna bókhalds - Tölvupóstur til ferðaskrifstofa vegna árlegs endurnats 2023.pdf
- Ársreikningur - Tölvupóstur til ferðaskrifstofa vegna árlegs endurnats 2023.pdf
- Greisluust gagnv lífeyrissjóðum - Tölvupóstur til ferðaskrifstofa vegna árlegs endurnats 2023.pdf
- Greisluust gagnv ríkissjóði - Tölvupóstur til ferðaskrifstofa vegna árlegs endurnats 2023.pdf

Greitt umskygjalæd 35.000 kr

Vakin er athytti á að málsmeðferð árlegs endurnats trygginga, lögjalds og eftir atvikum, stofngjalds er raftein. Allar ákvarðanir Ferðamálastofu verða senda raftein í tölvupósti á netfang tengiliðar: lena@ferdamalastofa.is, skv. uppgöfnum upplýsingum.

Athugið að þú greiðsla hafi borist þá getur einöngu forsvarsmaður eða einstaklingur sem hefur umboð leyfishafa / ferðaskrifstofu í gegnum internet skilað endurnati.

TIL BAKA SKILA

Þegar búið er að skila kemur upp staðfesting á að skilin hafi farið í gegn:

Skil tókust

Dú hefur skilað inn gögnum vegna endurnats fyrir [REDACTED] r. kt. [REDACTED]

Takk fyrir skilin.

TIL BAKA Á YFIRLIT

Skilum er ekki lokið og gögn hafa ekki borist Ferðamálastofu fyrr en ofangreind tilkynning birtist innsendanda.